

Leiðsögn Stjórnarfundur 29. maí 2020

Fundur hófst kl. 10:00. Mætt eru Pétur Gaut Valgeirssoni, Vilborg Anna Björnsdóttir, Indriði H Thorláksson, Guðný Margrét Emilsdóttir, Svanbjörg H Einarsdóttir, Óskar Kristjánsson, Valdimar Örn Friðriksson og Þorsteinn S McKinstry
Fundargerð síðasta stjórnarfundar borin upp og samþykkt.

1

Aðalfundur – undirbúningur

Fundurinn verður haldin í Stangarhyl 4. Gerðar verða ráðstafanir vegna Covid aðskilnaðar fyrir þá er þess óska. Fundarboð verður sent út í samræmi við lög félagsins.

2

Lagabreytingar

Borist hafa nokkrar tillögur til lagabreytinga

Ræddar innsendar lagabreytinga tillögur og verða þær sendar út með fundarboði og bornar upp og lagðar fyrir á aðalfundi.

3

Framboð – Trúnaðarráð, nefndir og stjórn

Umræða um framboð í stjórn og nefndir.

4

Covid mál

Málefni og staða félagsmanna rædd og samskipti þeirra við VMST. Lítil hreyfing á málum. Mikill seinangangur og ósamræmi á milli afgreiðsla. Formaður greindi frá samvinnu og samkiptum hinna ýmissu aðila vegna atvinnubótamála.

5

Reikningar

Stjórn afhentir reikningar til yfirlestrar. Nokkrar spurningar bornar upp við framkvæmdastjóra sem hann svarar.

6

Mál fundarstjórnar aðalfundar 2019

Stjórn tekur undir að samskiptin hefðu mátt vera með betra sniði og fundarsköp betur virt en ekki sé tilefni til ógildingar á fundinum eða ákvarðana sem teknar voru á fundinum.

Stjórnin telur að með úrskurði sínum og álitserð hafi hún á grundvelli laga félagsins tekið málefnalega afstöðu til kröfu kæranda um ógildingu aðalfundar 2019 og áminningu eða brottvikningar tiltekinna félaga og synjað þeim kröfum með rökum. Hún hafi engu að síður fallist á það með kæranda að skort hafi á að starfshættir á aðalfundi félagsins verið nægilega lýðræðislegir og málefnalegir og framganga ýmsra fundarmanna hafi verið ámælisverð.

Önnur mál

Umræða um að koma á sjálfvirkni á verðtryggingu upphæða styrkja úr sjóðum félagsins svo ekki þurfi að hækka í samræmi við verðlagspróun með lagabreytingum.

Bókun I

Tveir stjórnarmenn, Guðný Margrét Emilsdóttir og Svanbjörg H. Einarsdóttir, lögðu fram eftirfarandi bókun og óskuðu eftir að yrði birt með fundargerð.

Bókun stjórnarfundur 29. maí 2020

Við undirritaðar ásamt tveimur öðrum stjórnarmönnum sem nú þegar hafa sagt sig úr stjórn,

höfum ítrekað beðið um upplýsingar um fjárhag félagsins og niðurbrot á kostnaði við endurnýjun á bókhaldsbúnaði, vefsíðu og hvaða aðilum hefur verið greitt fyrir þessa vinnu. Þá höfum við farið fram á fullkomið gegnsæi um greiðslur vegna verkefna til stjórnarmanna og félögum þeim tengdum ásamt upplýsingum um stöðu félagsins ársfjórðungslega.

Í stað þess að veita svör við þessum eðlilegu fyrirspurnum stjórnarmanna sem saman bera ábyrgð á rekstri félagsins er lögð fram sérkennileg bókun nokkurra stjórnarmanna á stjórnarfundi með ásökunum um að við höfum staðsett okkur í stjórnarandstöðu, unnið gegn umbótum og truflað vinnufrið. Því fer fjarri og vísun við slíkum ásökunum til föðurhúsa. Framlagning bókonarinnar þykja okkur furðuleg viðbrögð við eðlilegum óskum um fjárhagsupplýsingar og fjárhagsstöðu félagsins og óþægilega lík viðbrögðum þess sem eitthvað hefur að fela ekki síst sú staðreynd að í bókuninni fólust hótanir stjórnarmanna um afsagnir, en þó reyndar ekki fyrr en við lok kjörtímabils.

Þveröfugt við það sem við erum ásakaðar um höfum við fjórmenningar haft forystu og frumkvæði um að bregðast við þegar ljóst var að Covid 19 myndi leiða leiðsögumenn fyrsta af öllum í fjöldatvinnuleysi. Við börðumst á mörgum vígstöðum við að kortleggja og vekja athygli á vanda og réttleysi leiðsögumanna þegar ljóst var í hvað stefndi. Meðal annars skrifuðum við umsögn við fyrsta frumvarpið um breytingar á atvinnuleysistryggingasjóði (sem við fengum náðarsamlegast samþykkt að setja nafn formanns og félags undir), við höfðum samband við þingmenn og ráðherra og Vinnumálastofnun til að benda á sérstöðu leiðsögumanna á vinnumarkaði, skrifuðum fréttatilkynningu ásamt viðhengi með ítarlegri greiningu á vanda leiðsögumanna og höfðum samband við fjölmiðla. Þetta fengum við að gera í nafni félagsins en þurftum að berjast fyrir því að athygli fjölmiðla yrði vakin á stöðu leiðsögumanna. Þá voru það við sem undirbyggjum skjal sem sent var til Vinnumálastofnunar til að vekja athygli á erfiðri stöðu og réttleysi ferðaráðinnna og sjálfstætt starfandi leiðsögumanna. Þau sem lögðu fram fyrrgreinda bókun höfðu sig annað hvort ekki í frammi eða reyndu jafnvel að koma í veg fyrir aðgerðir og viðbrögð af hálfu félagsins, eins einkennilegt og það kann að hljóma.

Sannleikurinn er sá að við drógum þarna vagninn og kölluðum eftir viðbrögðum en það tók formann heilar þrjár vikur að boða til fyrsta stjórnarfundar eftir að samkomubanni hafði verið komið á þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir og óskir um að stjórn yrði kölluð saman hið fyrsta. Við þurftum allan tíman að berjast fyrir þessum verkefnum, ítrekað var slegið á puttana á okkur en molarnir sem úr lófunum hrundu voru hrifsaðir upp og þá nýttir af formanni og umræddum stjórnarmönnum. Nokkrir stjórnarmenn hafa búið til lokaðan hóp, hafnað aðkomu okkar að ýmsum málefnum félagsins nánast frá upphafi og haldið frá okkur upplýsingum. Þetta hefur eðlilega skapað vantraust og vanlíðan fjórmenningana sem meirihlutinn ásakar um að vinna gegn umbótum í félaginu og ógna vinnufriði. Þetta er niðurlægjandi framkoma og er vitnisburður um takmarkaðan félagsþroska og hefur því miður orðið til þess að tveir stjórnarmenn ((SG, HSK) hafa þegar gefist upp og sagt sig frá stjórnarstörfum. Við sem enn sitjum í stjórn og skrifum undir þessa bókun deilum þessari upplifun. Við viljum að leikslokum minna alla stjórnarmenn á að okkar helsta hlutverk er að berjast fyrir og þjóna félagsmönnum. Samstaða og samheldni hefur sjaldan verið mikilvægari en nú.

Guðný Margrét Emilsdóttir

Svanbjörg H. Einarsdóttir

Stjórn ætlar að skoða framboð á námskeiðum og handleiðslu um samskipti og bætt vinnubrögð stjórnar sem vonandi skilar sér í bættum vinnubrögðum, aukinni skilvirkni og meiri starfsánægju.

Fundi slitið kl. 12:50

Fundarritari Þorsteinn Svavar McKinstrey